



Alþingi

Austurstræti 6-8  
150 Reykjavík

Reykholti, 17. nóvember 2014  
1411007 VV

**Efni: Tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis, dags. 4. nóvember 2014;  
þingsályktunartillaga um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs (þingmál nr. 26).**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 13. nóvember 2014 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu þess:

**Tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis, dags. 4. nóvember 2014;  
þingsályktunartillaga um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs (þingmál nr. 26).**  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir á þessu stigi málsins.*

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson  
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

11. nóv. 2014

Umhverfis- og samgöngunefnd.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs.

Bændasamtök Íslands vísa til fyrri umsagnar um málið þegar það var flutt á 140. löggjafarþingi, sbr. erindi nr. Þ 140/628.

<http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=140&dbnr=628>

Með kveðju;  
Elías Blöndal Guðjónsson  
Lögfræðingur / Lawyer

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,  
ritari

Alþingi  
Erindi nr. P 140/628  
komudagur 2.12.2011

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2011  
EBG/hó

**Efni. Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulþjóðgarðs, á 140. löggjafarþingi, þskj. 106 - 106. mál**  
Tilv. 2011110017

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. nóvember 2011.

Ein af forsendum stofnunar þjóðgarðs hlýtur að vera að hafa samráð við sveitarfélög og landeigendur á svæðinu. Þá hlýtur ákvörðunin sem slík að vera á höndum sveitarstjórnar og íbúa sveitarfélaganna. Bændasamtökin hvetja til þess að hugmyndir um þjóðgarða verði ekki ræddar nema að höfðu samráði við heimamenn. Í greinargerð með þingslályktunartillögunni kemur fram að leggja beri áherslu á nána samvinnu stjórnvalda við heimafolk. Þetta er mjög mikilvægt og Bændasamtökin leggja áherslu á að haft verði samráð við bændur sem kunna að hafa hagsmuni af mögulegri stofnun Hofsjökulþjóðgarðs sem og félög bænda.

Það er ófrávikjanlegt skilyrði að möguleg stofnun þjóðgarðs á þessu svæði hafi ekki takmarkandi áhrif á búskap á nærliggjandi svæðum og að ekki verði gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt landeigenda.

Bændasamtökin leggja þunga áherslu á, að sem mest samráð verði haft við bændur og félög bænda í hugsanlegu undirbúningsferli fyrir stofnun þessa þjóðgarðs.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson  
lögfræðingur

11.11.2014

Neðangreint erindi var tekið til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs á fundi þess 10. nóvember sl. og eftirfarandi færð til bókar.

**10. 201401023 - Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs**

Lagt fram erindi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 4. nóv. 2014, með umsagnarbeini við tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs.

Bæjarráð telur að meðan ófullnægjandi framlög eru til Vatnajökulspjóðgarðs sé óráðlegt að ráðast í stofnun fleiri þjóðgarða.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Ofangreindu er hér með komið á framfæri.

Fh. Fljótsdalshéraðs

Stefán Bragason

Hjörleifur Guttormsson  
Vatnsstíg 21 (1101)  
101 Reykjavík  
Netfang: [hjorleifur@eldhorn.is](mailto:hjorleifur@eldhorn.is)

17. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. mál á 144. lþ.**

Ég þakka umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fyrir að gefa mér kost á að veita umsögn um ofangreinda tillögu um Hofsjökulspjóðgarð.

Mér er málið kunnugt frá fyrri stigum eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni. Á árunum 1998 og 1999 fjallaði umhverfisnefnd Alþingis um tillögu mína um stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálandinu, þeirra á meðal var Hofsjökulspjóðgarður. Tillagan fékk almennt góðar undirtektir eins og fram kom í umsögnum sem að hluta til eru birtar í þingskjali 16 á 123. löggjafarþingi.

**Ég hef kynnt mér fyrirbyggjandi tillögu og mæli eindregið með samþykkt hennar.**

Í umsögn um hliðstætt mál á 140. löggjafarþingi benti ég á, að þá voru ekki útkljáð mál á dómstigi varðandi Hofsafrétt austurhluta [nr.199/2011], Hofsafrétt vesturhluta [350/2011] og Eyvindarstaðaheiði og Hraun [546/2012]. Niðurstaða er nú fengin fyrir Hæstarétti í öllum þessum málum og staðfesti rétturinn í öllum tilvikum niðurstöður Héraðsdóms, sem fallist hafði á úrskurði Óbyggðanefndar. Málið liggur þannig eignarréttarlega hreint fyrir, sem ætti að styðja við jákvæða afgreiðslu tillögunnar af hálfu nefndarinnar og auðvelda ráðherra, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og rétthafa, að undirbúa stofnun Hofsjökulspjóðgarðs

Virðingarfyllt

Hjörleifur Guttormsson  
náttúrufræðingur

PS: Á yfirliti frá nefndasviði um þá sem fengu tillöguna til umsagnar, sé ég ekki getið um aðliggjandi sveitarfélög. Væntanlega hefur verið leitað til þeirra sér á parti. - HG

5. desember 2014

Hér sendist bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 4. desember s.l. vegna umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis um tillögu til þingályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs.

**Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs.

Sveitarstjórn efast um tilgang stofnunar Hofsjökulsþjóðgarðs.

17.11.2014

Til nefndasviðs Alþingis.

**Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. Mál.**

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 4. nóvember 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofan greinda þingsályktunartillögu.

Landgræðslan er fremur fylgjandi þeirri hugmynd sem fram kemur í tillögunni, en telur ekki tímabært að fjalla um málið með efnislegum hætti þar sem mjög er enn óljóst um mörk hugsanlegs þjóðgarðs, hvernig starfsemi hans verður háttað o.s.frv.

Landgræðslan mun því bíða með frekari umsögn um þetta mál þar til meiri vitneskja liggur fyrir um Hofsjökulspjóðgarð, verði niðurstaðan sú að stefna að stofnun hans.

Með bestu kveðjum,  
f.h. Landgræðslu ríkisins,  
Guðmundur Stefánsson,  
sviðsstjóri landverndarsviðs



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26.11.2014  
Tilvísun vor: 00.11

**Efni: Umsögn Landsvirkjunar um þingsályktunartillögu um Hofsjökulsþjóðgarð, 26. mál**

Landsvirkjun hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, þskj. 26 – 26. mál. Landsvirkjun tekur ekki afstöðu á þessu stigi til þess hvort stofna eigi þjóðgarðinn eða ekki, en telur að undirbúa þurfi mun betur forsendur slíkrar ákvörðunar og viðmið áður en lengra er haldið.

Þingsályktunartillagan er samhljóða tillögu um sama efni, sem flutt var á 143. löggjafarþingi. Þessar tillögur eru efnislega samhljóða tillögum um sama efni sem fluttar voru á 140. og 141. löggjafarþingi en með þeim breytingum að við afmörkun þjóðgarðs sem lagt er til að verði stofnaður „*verði tekið mið af þeim forsendum fyrir vernd náttúrufars og menningarminja sem liggja til grundvallar þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða – rammaáætlun – sem samþykkt var á Alþingi hinn 14. janúar 2013.*“ Í greinargerð með tillögunni segir: „*Þykir þetta rétt í ljósi þess að sömu sjónarmið gilda þegar dregin eru mörk verndunar og nýtingar landsvæða og þegar dregin eru þjóðgarðsmörk.*“

- Landsvirkjun er ekki sammála því að sömu sjónarmið gildi þegar dregin eru mörk verndunar og orkunýtingar landsvæða og þegar dregin eru þjóðgarðsmörk ef litið er til ákvæða laga um náttúruvernd. Tilfni til verndunar ræður skv. tilvitnuðum leiðbeiningum IUCN. Í þjóðgörðum er lögð áhersla á útivist eftir settum reglum, en það fer eftir eðli verndunar hvaða reglur gildi t.d. um aðgengi almennings, í sumum tilvikum er hún óæskileg eða takmörkuð t.d. við vísindarannsóknir. Góð dæmi um slíkar takmarkanir eru Surtsey og Eldey og umferðartakmarkanir um land á varptíma.
- Í 1. mgr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 segir í grein 51 um þjóðgarða: „*Ráðherra getur, að fengnum tillögum eða álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, lýst landsvæði þjóðgarðs, enda sé það sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúruvari sínu og leyfa almennungi aðgang að því eftir tilteknum reglum.* (Leturbreyting Landsvirkjunar).“

Í þingsályktunartillögunni segir að þjóðgarðurinn eigi að ná til jökulsins og aðliggjandi svæða. Í greinargerð kemur fram að með þessu orðalagi sé átt við þau aðliggjandi landsvæði sem þegar eru friðlýst eða á náttúruminjaskrá, s.s. Þjórsárver, Kerlingafjöll, Guðlaugstungur og Orravatnsrústir. Þar segir einnig að við bætist önnur samliggjandi svæði eftir því sem samkomulag tekst um þannig að úr verði sem stærst náttúrufarsleg heild. Í því sambandi verði m.a. horft til Austari-Jökulsár og Vestari-Jökulsár sem hluta af þjóðgarðinum. Ekki verður séð að sérstök náttúrufarsleg heild sé rökstuðningur fyrir að tengja þessi svæði eins og gert er í tillögunni. Fyrir liggja í dag lokadrög að stækkun núverandi friðlands Þjórsárvera





til allra átta og mun friðlandið m.a. ná yfir allan Hofsjökul og tengjast friðlandi í Guðlaugstungum og Kerlingafjallasvæðinu sem er á náttúruminjaskrá.

Í raun gengur þingsályktunartillagan út á að breyta friðlandi Þjórsávera í Þjóðgarð, þar sem megnið af því landsvæði sem þessi tillaga tekur til er sameiginlegt með væntanlegu friðlandi Þjórsárvera. Forsendur friðunar í Þjórsárverum árið 1981 voru helst þær að vernda varplönd heiðargæsastofnsins auk sérstaks votlendisgróðurs þar. Hið sama á við um friðun Guðlaugstungna árið 2005 en þá kom í ljós að þar var að finna stærstu varplönd heiðargæsarinnar hér á landi. Allt aðgengi annarra en gangandi manna og ríðandi er takmarkað á þessum svæðum og því færi best á því að auka þar ekki almenna umferð, en þjóðgarðshugmyndin leiðir til hins gagnstæða. Hagsmunir þess lífríkis sem í húfi er verður án efa betur borgið með því að þar verði áfram friðland og vísast þar til fyrirliggjandi friðlýsingarskilmála fyrir Guðlaugstungusvæðið og fyrirliggjandi draga að skilmálum fyrir friðland Þjórsárvera.

Ekki er skýrt hvers vegna Hofsjökulþjóðgarður ætti að ná yfir vatnasvið Austari og Vestari Jökulsáanna í Skagafirði. Unnið hefur verið að rannsóknum á mögulegum virkjunum í ánum um 30 ára skeið og ákveðnar tillögur liggja fyrir um tilhaganir virkjana í þessum ám. Þær tilhaganir eru nú í biðflokki rammaáætlunar og væri eðlilegt að bíða niðurstaðna 3. áfanga rammaáætlunar áður en ákvörðun yrði tekin um að fella þær inn í þjóðgarð.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson  
forstjóri

19.11.2014

Tilvísun í mál: 2014110001

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 4. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulshjóðgarðs, 26. mál. Í tillögunni kemur fram að þingsályktunartillaga um stofnun Hofsjökulshjóðgarðs hefur verið flutt áður á 140. löggjafarþingi (106. mál) og á 141. löggjafarþingi (522. mál) og svo aftur á 143. löggjafarþingi (169. mál) með breytingu sem tekur mið af þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða – rammaáætlun – sem samþykkt var á Alþingi hinn 14. janúar 2013.

Náttúrufræðistofnun sendi inn umsögn vegna síðast töldu tillöguna hér að framan fyrr á þessu ári, sjá meðfylgjandi bréf dags. 21. janúar sl., og endursendir hana hér með sem svar við framangeindu erindi.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson  
Forstöðumaður Stjórnsýsludeildar  
Náttúrufræðistofnun Íslands

Umhverfis- og samgöngunefnd,  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. janúar 2014  
2014010011/42-1-0  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál, umsögn**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 6. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda þingsályktunartillögu, sem er endurflutt frá fyrri þingum (nr. 140. og 141 ) og var svarað með bréfi dagsettu 5. desember 2011. Náttúrufræðistofnun tekur undir markmið tillögunnar. Stofnunin telur að ef setja á umræddan þjóðgarð á laggirnar verði að vinna mjög markvisst að stofnun hans strax frá byrjun. Náttúrufræðistofnun telur t. d. að vinna eigi náttúrufræðisúttekt fyrir „svæðið“ í heild og ákveða strax frá byrjun mörk og verndargildi einstakra svæða innan fyrirhugaðs þjóðgarðs, stjórnun þeirra o. fl. þ. h. Til eru náttúrufræðisúttektir fyrir stóran hluta þess svæðis sem kemur til greina en taka þyrfti efni þeirra saman til að nýta það við gerði verndaráætlunar. Jafnframt liggja fyrir friðlýsingarskilmálar sem segja fyrir um og gefa til kynna hvernig beri að vernda og stjórna stórum hluta af svæðunum.

Eðli þjóðgarða er annað en friðlanda. Eðlismunurinn liggur m.a. í því að í þjóðgörðum er gert ráð fyrir sérstakri þjónustu við almenning og að almenningur geti upplifað náttúru þess svæðis sem um ræðir. Bæði Þjórsárver og Guðlaugstungur eru friðlönd innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs og er tilgangur þeirra meðal annars að vernda lífríki, s.s. varplönd heiðagæsa, og eru þau þess vegna lokað almenningi á ákveðnum tímum árs. Það verður því að huga að því strax frá byrjun að þegar friðlandi er breytt í þjóðgarð þá hafi það ekki neikvæð áhrif á vernd og verndargildi. Með öðrum orðum þarf að liggja fyrir góð verndar- og stjórnunaráætlun fyrir þjóðgarðinn í heild sinni áður en hin eiginlega stofnun hans á sér stað. Það verði því strax frá byrjun vitað að hverju er stefnt hvað varðar vernd og verndargildi (tegundir, vistgerðir, vistkerfi, jarðfræði, landslag, menningarminjar, vöktun, rannsóknir), útivistarmöguleika, umferð (gangandi, akandi, hjólreiðar, ríðandi), þjónustukjarna, stjórnun (ríki, sveitarfélög, samtök...), og ekki hvað síst fjármál og rekstur.

Verði þessi hugmynd að veruleika er hér tækifæri til að gera hlutina vel þó það taki eitthvað lengri tíma. Alltaf má vernda ákveðin svæði strax til bráðabirgða, þó þau séu ekki orðin að þjóðgarði, til að koma í veg fyrir röskun þeirra. Rétt er að benda á að Guðlaugstungur og




Þjórsárver eru Ramsarsvæði og þarf að taka tillit til þess við útfærslu verndar og nýtingar á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði komi til þess.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi við Austurvöll  
Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Reykjavík 14.11.2014

**Efni:** Umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulþjóðgarðs. 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 26 – 26. mál.


Náttúruminjasafn Íslands þakkar fyrir erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn við framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Tillögunni er fagnað og hún felur í sér framsýna og heildstæða hugsun sem er svo mikilvægt þegar um er að tefla umgengni við eina helstu náttúruauðlind Íslands – lítt snortin og ósnortin víðerni hálendisins sem eru þau stærstu sinnar tegundar í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Þessi auðlind er að verða ein helsta stoðin í efnahagsbúskap landsins – ferðaþjónustunni, sem byggir á vistvænni nýtingu miðað við flestar aðrar meginatvinnugreinar í landinu, þ.e. að nýta með því að njóta, horfa á og heyra – upplifa.

Skynsamleg umgengni við náttúruauðlindir hálendisins, sem m.a. byggist á heildstæðri verndun stórra landsvæða eins og hér er lagt upp með, er ekki síður mikilvæg fyrir efnahag og lífshamingju landsmanna með hliðsjón af vistfræðilegu þjónustuhlutverki. Stefnit er að því í tillögunni að tengja saman stakar, smærri verndareiningar í stóra heild. Þegar eru fyrir hendi á svæðinu verndareiningar á borð við Þjórsárver, Kerlingarfjöll, Guðlaugstungur og Orravatnsrústir, en einnig er horft til þess að svæði efst á vatnasviði Austari- og Vestari-Jökulsár verði hluti af þjóðgarðinum. Hér mætti einnig benda á nauðsyn þess að hafa Ásbjarnarvötn, Reyðarvatn og ýmis berg- og lindavatnsföll ofarlega á Hofsafrétti innan marka þjóðgarðsins, en um er ræða óvenju frjósöm vötn og merkileg í vistfræðilegu tilliti. Með heildstæðri nálgun þar sem stórar samfelldar náttúrufarslegar heildir eru undir eru meiri líkur á því en ella að vistfræðileg starfsemi og ferli, svo sem koltvíldisbinding, næringarefna- og orkuflutningur, temprun og hreinsun vatns, haldist við óskert og ótrufluð. Vistfræðilegir ferlar fylgja ekki beinum línunum tilbúinna smáhólfa og landamerkjia. Líffræðileg fjölbreytni lítur heldur ekki afmörkun landsvæða í smábletti og fláka með girðingum eða öðrum ónáttúrulegum afmörkunum.

Náttúruminjasafn Íslands styður framangreinda þingsályktunartillögu og hvetur til samráðs um málefnið og faglegs undirbúnings. Undirritaður veitir fúslega aðstoð verði til hans leitað um slíkt.

Virðingarfyllst,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður.



Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5. nóvember 2014

### Umsögn um tillögu til þingsál. um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. mál

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfisráðherra að vinna að stofnun Hofsjökulspjóðgarðs. Fram kemur í greinargerð að í kjölfar stofnunar Vatnajökulspjóðgarðs telji flutningsmenn tillögunnar nú brýnt að halda verkinu áfram.

Samorka minnir á að Íslendingar standa nú þegar mjög framarlega, ef svo má segja, á sviði náttúruverndar. Að minnsta kosti hefur mun stærra hlutfall landsvæðis verið verndað hér en á hinum Norðurlöndunum. Að mati Samorku eru því ekki sérstök rök fyrir að ráðist verði í stofnun umrædds þjóðgarðs með tilheyrandi kostnaði.

Samorka leggst því gegn tillögunni.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllt,

Guðstaf Adolf Skúlason  
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2014

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs 26. mál**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreindar tillögur til umsagnar og gera eftirfarandi athugasemdir.

Samtök ferðaþjónustunnar fagna almennt hugmyndum um stofnun þjóðgarða á svæðum sem nauðsynlegt er að vernda en íslensk náttúra og ósnortin víðerni hennar eru þeir grunnþættir sem draga um 80% erlendra ferðamanna til Íslands og mikilvægið er ekki minna þegar kemur að ferðum Íslendinga sjálfra og hlut útivistar í lífsgæðum okkar. Það verður þó að benda á að það er ekki nægilegt að stofna þjóðgarða. Það þurfa að fylgja þeim fjármunir til uppbyggingar og skipulagningar, það er til dæmis nauðsynlegt að góð aðstaða sé sköpuð fyrir fyrirtækin til að fara með ferðamenn um þjóðgarða. Það þarf jafnt að vernda náttúruna í þjóðgördum svo og gera fólki kleift að njóta þeirra svo vel sé.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson

13. nóvember 2014

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 13. nóvember var tekin fyrir beiðni allsherjar- og menntamálanefndar um umsögn – tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs.

Eftirfarandi var bókað:

*Bæjarráð Árborgar bendir á að nauðsynlegt sé að hafa samráð við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu, s.s. afreittarfélög.*

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir  
ritari





Nefndasvið Alþingis

Skagafjörður, 18. nóvember 2014  
nr. erindis 1411034 IE

Á 105. fundi Umhverfis- og samgöngunefndar Skagafjarðar 17. nóvember. 2014 sl.,  
var tekið fyrir neðangreint erindi:

### **Umsagnarbeiðni um þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs**

*Nefndin vísar til fyrri umsagnar um málið þegar það var flutt á 140.  
löggjafarþingi, sbr erindi nr. P 143/876.  
<http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=143&dbnr=876>*

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu Sveitarstjórnar  
Skagafjarðar og verður þér gert viðvart verði afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn  
heldur en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. Umhverfis- og samgöngunefndar

Indriði Einarsson  
sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. nóvember 2014  
Tilvísun: UST20141100033/hv

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. mál.

Umhverfisstofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunefndar), dags. 4 nóvember 2014, þar sem umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. mál er óskað.

Í tillögu til þingsályktunar kemur fram að Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að vinna að því, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega réttihafa, að stofna Hofsjökulspjóðgarð sem hafi innan sinna marka Hofsjökul og aðliggjandi svæði. Jafnframt kemur fram að mat á verndargildi náttúrufars og menningarminja sem liggur til grundvallar þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða skuli haft til hliðsjónar við afmörkun þjóðgarðsins. Samkvæmt tillögunni skal stefnt að formlegri stofnun þjóðgarðsins árið 2016.

Umhverfisstofnun tekur undir þá tillögu að ástæða sé að friðlýsa svæðið sem um ræðir til að tryggja verndun vatnasvæðis friðlanda sem eru í og við Hofsjökul. Að öðru leyti vill stofnunin vísa til fyrri umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál, dags. 23. janúar 2014 og er meðfylgjandi umsögn þessari.

Virðingarfyllt

Hildur Vesteinsdóttir  
Teymisstjóri

René Biasone  
Teymisstjóri

## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

ritari nefndasviðs Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austursstræti 8-10  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. janúar 2014  
Tilvísun: UST20140100046/rb

### Umsögn tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis (Umhverfis- og samgöngunefndar), dags. 6. janúar 2014 Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar sbr. þingskjal 203 – 169. mál vegna stofnunar Hofsjökulspjóðgarðs. Þess er óskað að umsögn berist eigi síðar en 23. janúar.

Í tillögu til þingsályktunar kemur fram vilji til stofnunar Hofsjökulspjóðgarðs sem hafi innan sinna marka Hofsjökul og aðliggjandi svæði og að við afmörkun þjóðgarðsins verði höfð hliðsjón af mati á verndargildi náttúrufars og menningarminja sem liggur til grundvallar þingsályktun nr. 13/141.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram vilji til að hafa Hofsjökul og aðliggjandi landsvæði sem sum hver eru þegar friðlýst eða á náttúruminjaskrá, s.s. Þjórsárver, Kerlingarfjöll, Guðlaugstungur, Orravatnstrústir og önnur svæði eftir því sem samkomulag næst um, innan þjóðgarðsins.

Umhverfisstofnun telur hugmynd um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs áhugaverða og þess virði að skoða nánar en bendir á að eðlilegur vettvangur fyrir slíkt væri náttúruverndaráætlun eða sambærileg áætlun sem hefur það hlutverk að marka stefnu í náttúruvernd og friðlýsingarmálum á Íslandi.

Þá bendir Umhverfisstofnun á að með stofnun þjóðgarðs á svæðinu breytist áhersla friðlýsingar þeirra svæða sem nú þegar eru friðlýst þannig að meiri áhersla er lögð á félagslega náttúruvernd heldur en nú er gert. Sem dæmi má nefna að Þjórsárver eru nú flokkuð í flokki 1b í flokkunarkerfi IUCN sem er svæði sem stjórnað er einkum til verndar óbyggðum. Yrði svæðið friðlýst sem þjóðgarður færist áherslan til þess að vera einkum til verndar vistkerfum og til útivistar. Með þessum breytingum myndi álag á svæðinu að öllum líkindum aukast og alls óvíst hvort að svæði eins og Þjórsárver myndu þola það aukna álag.

Í því sambandi vill Umhverfisstofnun benda á að stofnun þjóðgarðs kallar á uppbyggingu innviða á svæðinu og því þarf að tryggja fjármagn til uppbyggingar og reksturs svæðisins sem felur einnig í sér stýringu t.d. ferðamanna, enda eitt af markmiðum með stofnun þjóðgarðs að

stuðla að útivist og náttúruupplifun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ef stofnaður verður þjóðgarður sem felur í sér sameiningu annarra friðlýstra svæða, að þau svæði innan þjóðgarðsins sem falla í aðra verndarflokka verði skýrt afmörkuð og verndun þeirra skilgreind.

Virðingarfyllt



René Biasone  
Teymisstjóri



Hildur Vésteinsdóttir  
Teymisstjóri



Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Dags. 17.11.2014  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2011-272  
0.5

Með erindi dags. 4. nóvember óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs (26. mál – þingskjal 26).

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan lítur stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs jákvæðum augum.

Texti tillögunnar er almennt orðaður og ekkert sérstakt þar sem ástæða þykir til að gera athugasemdir við.

Þó skal nefnt að kæmi til stofnunar þjóðgarðs þyrfti að vera tryggt að starfsmenn Veðurstofunnar gætu farið ferða sinna að vori og hausti til afkomumælinga á jöklinum og til vitjana í ýmsum mælistöðvum í nánd hans.

Þá skal bent á villu í greinargerð frumvarpsins. Hofsjökull er um 850 km<sup>2</sup> að flatarmáli, ekki tæpir 1.000 km<sup>2</sup>

Virðingarfyllst



Hafdís Karlsdóttir  
staðgengill forstjóra VÍ



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2014  
Tilvísun: 2013040007  
JSn/HrH/BH  
Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 4.11.2014.

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. mál.**

Lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga á Alþingi um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs. Ekki kemur fram í tillögunni hver mörk þjóðgarðsins gætu orðið.

Þingsályktunartillaga um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs var einnig lögð fram á 140. löggjafarþingi og sendi Vegagerðin umsögn um hana til nefndarinnar. Í umsögn Vegagerðarinnar, sem dagsett var 28. nóv. 2011, sagði m.a. eftirfarandi:

„Austan og vestan Hofsjökuls liggja tveir stofnvegir á hálendi, F26 Sprengisandsleið og 35 Kjalvegur. Að auki eru landsvegir eins og F752 Skagafjarðarleið og F821 Eyjafjarðarleið í nágrenni Hofsjökuls. Í skilgreiningu þjóðvega í vegalögum nr. 80/2007 eru m.a. skilgreindir stofnvegir á hálendinu sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Tengivegir eru m.a. skilgreindir sem vegir utan stofnvegakerfisins sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu sem og vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.

Það er ljóst af framansögðu að löggjafinn leggur ýmsar skyldur á herðar Vegagerðinni á hálendinu um að sinna þörfum ferðaþjónustunnar. Það er einnig ljóst að ferðaþjónustan skiptir æ meira máli í íslenskum þjóðarbúskap. Hún er um þessar mundir helsti vaxtarbroddur í íslensku efnahagslífi. Þeirri staðreynd fylgir sú skylda að þeim erlendum ferðamönnum sem sækja Ísland heim sem og innlendum ferðamönnum sé boðið upp á sæmilega örugga vegi og umhverfi. Það er einnig nauðsynlegt að almennum ferðamönnum sé boðið upp á þökkalega gott aðgengi að helstu náttúruperlum hálendisins.

Vegagerðin leggur því áherslu á að við hugsanlega stofnun Hofsjökulspjóðgarðs verði sett inn rúm ákvæði um uppbyggingu stofnveganna á hálendinu. Unnt verði að byggja upp þökkalega greiðfæra og umfram allt örugga vegi á Kjalvegi og Sprengisandsleið. Gæta þarf að því að unnt verði að hafa gott samræmi í hönnun veganna þannig að ökumönnum verði ekki komið á óvart með stökum kröppum blindhæðum og blindbeygjum. Reynslan sýnir að slíkir vegir eru hættulegastir allra vega fyrir hina almennu vegfarendur, sérstaklega þá sem ekki þekkja til aðstæðna. Á sama hátt þarf að vera unnt að halda landsvegum í sæmilega þökkalegu horfi með viðhaldi og endurbótum.“

Auk þess, sem fram kemur hér að ofan, hefur Vegagerðin s.l. ár unnið að forathugun og drögum að matsáætlun fyrir Sprengisandsleið í nágrenni samvinnu við Landsnet vegna hugsanlegrar raflínu yfir Sprengisand, en það var sameiginleg niðurstaða stofnananna að ekki væri eðlilegt að meta raflínuna án þess að vegurinn yrði metinn jafnhliða. Í svæðisskipulagi miðhálandisins er gert ráð fyrir stofnvegi um Sprengisand og einnig raflínu milli suður- og norðurlands.

Drög að matsáætlun fyrir Sprengisandsleið eru um þessar mundir í formlegri kynningu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Vegagerðin ítrekar þá afstöðu, sem fram kom í áður nefndri umsögn til nefndarinnar 28. nóv. 2011 að „við hugsanlega stofnun Hofsjökulspjóðgarðs verði sett inn rúm ákvæði um uppbyggingu stofnveganna á hálandinu“.

Virðingarfyllt,



Hreinn Haraldsson, forstjóri.